

From: Valur Rafn Halldórsson [<mailto:valur.rafn.halldorsson@samband.is>]
Sent: 7. september 2016 14:30
To: Valur Rafn Halldórsson
Subject: Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2016

Viljum við vekja athygli á því að æskilegt er að allavega einn fulltrúi mæti frá hverju aðildarsveitarfélagi. Einnig viljum við biðja ykkur um að skrá þann eða þá fulltrúa sem mæta fyrir hönd þíns sveitarfélags.

[Hér getur þú skráð fulltrúa á fundinn.](#)

Kv. Valur Rafn

From: Valur Rafn Halldórsson
Sent: 7. september 2016 13:59
To: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Subject: Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2016

Til allra aðildarsveitarfélaga að Samtökum orkusveitarfélaga,

Reykjavík, 7. september 2016

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga þann 21. september 2016. Fundurinn verður kl. 14:30 á Hilton Reykjavík Nordica. Samkvæmt 6. gr. samþykktar SO skal fylgja fundarboði dagskrá, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar sambandsins, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur að lagabreytingum. Meðfylgjandi eru því þessi gögn en engar tillögur að lagabreytingum hafa verið lagðar fram.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 10. gr. samþykktar SO skal stjórn sambandsins vera skipuð sjö aðalmönnum og fjórum til vara. Þeir sem hafa áhuga á stjórnarsetu er bent á að hafa samband við formann samtakanna, Gunnar Þorgeirsson (oddviti@gogg.is), eða Val Rafn Halldórsson (valur@samband.is).

Aðildarsveitarfélög eru hvött til þess að senda fulltrúa á aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga.

- 1 Skýrsla stjórnar
- 2 Ársreikningar samtakanna
- 3 Starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar
- 4 Lagabreytingar
- 5 Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna og varastjórnar til tveggja ára
- 6 Kosning tveggja skoðunarmanna til tveggja ára og tveggja til vara.
- 7 Aðildargjöld
- 8 Önnur mál

Valur Rafn Halldórsson

Framkvæmdastjóri Samtaka orkusveitarfélaga

Beint innval: 515 4915

Netfang: valur.rafn.halldorsson@samband.is

Samtök orkusveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.orkusveitarfelog.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.